

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

02 353

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
kt. 661176-0169
Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Það er stefna Fjölbautaskóla Suðurnesja að vera einn af bestu framhaldsskólum landsins og bjóða menntun í hæsta gæðaflokki og bjóða Suðurnesjamönnum upp á fjölbreytt nám í heimabyggð í samræmi við áhuga og getu. Unnið verði í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og áhersla lögð á grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.719,1 milljónir og afkoma kr. 20,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 155,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 366,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbautaskóla Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Kristján Pétur Ásmundsson
Skólameistari

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.566.108.224	1.488.149.302
Aðrar tekjur		11.976.000	12.294.000
Seld þjónusta	3	26.674.256	21.757.435
Vörusala		15.019.540	15.158.240
Framlög og ýmsar tekjur	4	78.714.569	41.281.155
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	20.652.121	20.357.444
Tekjur samtals		1.719.144.710	1.598.997.576
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.263.292.155	1.202.686.128
Annar rekstrarkostnaður	6	415.470.302	386.552.389
Afskriftir	7	20.652.121	20.357.444
Gjöld samtals		1.699.414.578	1.609.595.961
Afkoma fyrir fjármagnsliði		19.730.132	(10.598.385)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		268.571	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(791)	(551.929)
		267.780	(551.929)
Afkoma ársins		19.997.912	(11.150.314)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		68.665.454	66.632.373
Farartæki og vélar		27.586.508	23.900.984
Aðrar eignir		5.163.609	5.265.209
		<u>101.415.571</u>	<u>95.798.566</u>
Fastafjármunir samtals		<u>101.678.742</u>	<u>96.135.493</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	250.076.961	206.459.461
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	9.876.563	8.382.168
Handbært fé		5.170.702	11.131.405
		<u>265.124.226</u>	<u>225.973.034</u>
Veltufjármunir samtals		<u>265.124.226</u>	<u>225.973.034</u>
Eignir samtals		<u>366.802.968</u>	<u>322.108.527</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		155.856.907	135.858.995
		<u>155.856.907</u>	<u>135.858.995</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	920.432	401.538
Viðskiptaskuldir		8.504.213	7.919.971
Ýmsar skammtímaskuldir	12	102.384.508	84.488.994
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	99.136.908	93.439.029
		<u>210.946.061</u>	<u>186.249.532</u>
Skuldir samtals		<u>210.946.061</u>	<u>186.249.532</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>366.802.968</u>	<u>322.108.527</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		19.997.912	(11.150.314)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	20.652.121	20.357.444
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(20.652.121)	(20.357.444)
		<u>19.997.912</u>	<u>(11.150.314)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.494.395)	(952.140)
Tengdir aðilar		(42.943.976)	(30.049.697)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		18.479.756	14.794.678
		(25.958.615)	(16.207.159)
		<u>(5.960.703)</u>	<u>(27.357.473)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(368.780)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(26.195.370)	(27.193.831)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	5.000
		<u>(26.195.370)</u>	<u>(27.557.611)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		26.145.370	27.557.611
Gjafaframlög til fjárfestinga		50.000	0
		<u>26.195.370</u>	<u>27.557.611</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(5.960.703)	(27.357.473)
		<u>11.131.405</u>	<u>38.488.878</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>5.170.702</u>	<u>11.131.405</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af Innritunargjöldum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.566.108.224	1.488.149.302
Tekjufærsla frestaðra tekna	20.652.121	20.357.444
	<u>1.586.760.345</u>	<u>1.508.506.746</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.635.200.000	0	0	1.635.200.000
Launabætur	12.900.000	0	0	12.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(81.991.776)	0	0	(81.991.776)
Fjárveiting til tekna	1.566.108.224	0	0	1.566.108.224
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.546.110.312)	0	0	(1.546.110.312)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	19.997.912	0	0	19.997.912

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	929.160	864.713
Veitinga- og gistinguþjónusta	25.745.096	20.892.722
	<u>26.674.256</u>	<u>21.757.435</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	664.000	458.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	56.818.330	27.580.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	6.830.239	899.655
Ýmsar tekjur	14.402.000	12.343.500
	<u>78.714.569</u>	<u>41.281.155</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.011.551.329	974.701.992
Orlof, breyting	13.507.024	(13.178)
Launatengd gjöld	231.168.561	219.420.919
Starfsmannakostnaður	7.065.241	8.576.395
	<u>1.263.292.155</u>	<u>1.202.686.128</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	83,2	84,5

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.086.632	2.326.244
Byggingarvörur, almennar	18.918	0
Ýmis tæki og áhöld	4.433.790	4.270.224
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.000.525	800.023
Orkugjafar	16.403.104	15.764.851
Matvæli	27.375.841	18.197.397
Almennar rekstrarvörur	3.452.044	6.716.993
Vörukaup, almenn	55.770.854	48.075.732
Kennslu- og föndurvörur	22.261.816	21.342.784
Ýmsar sérgreindar vörur	23.000	5.137
Vörukaup, sérgreind	22.284.816	21.347.921
Fundir, námskeið, risna	1.457.221	1.197.095
Ferðir, uppihald	4.547.952	604.642
Akstur	2.894.797	1.977.514
Sérfræðiþjónusta	32.219.679	30.162.652
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	997.520	842.640
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.095.771	1.726.224
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.456.397	1.690.864
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	44.669.337	38.201.631
Afnotagjöld	4.047.572	3.543.041
Leigugjöld	244.061.950	232.396.757
Notkun véla og flutningatækja	525.916	366.323
Verkkaup	39.092.760	36.207.551
Kostnaðarhlutdeild	4.158.332	5.077.443
Tryggingar, lögboðnar	97.173	87.993
Opinber gjöld	64.600	64.600
Tilfærslur	696.992	682.721
Tapaðar kröfur	0	500.676
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	292.745.295	278.927.105
Annar rekstrarkostnaður samtals	415.470.302	386.552.389
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	18.168.517	18.058.475
Farartæki og vélar	2.308.248	2.165.516
Aðrar eignir	101.600	101.600
Niðurfærsla óefnislegra eigna	73.756	31.853
	20.652.121	20.357.444

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	68.665.454	66.632.373
Farartæki og vélar	27.586.508	23.900.984
Aðrar eignir	5.163.609	5.265.209
	101.415.571	95.798.566

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	212.863.672	33.943.031	5.846.078	252.652.781
Viðbætur á árinu	20.201.598	5.993.772	0	26.195.370
	233.065.270	39.936.803	5.846.078	278.848.151
Afskriftir 01.01.2022	146.231.299	10.042.047	580.869	156.854.215
Afskrift ársins	18.168.517	2.308.248	101.600	20.578.365
	164.399.816	12.350.295	682.469	177.432.580
Staða 31.12.2022	68.665.454	27.586.508	5.163.609	101.415.571

	31.12.2022	31.12.2021
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	250.076.961	206.459.461
	250.076.961	206.459.461

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	920.432	401.538
	920.432	401.538

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	1.080.054	355.576
Skattar	8.796.509	8.026.592
	9.876.563	8.382.168

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	135.858.995	147.009.309
Afkoma ársins	19.997.912	(11.150.314)
Jöfnuður 31.12.	155.856.907	135.858.995

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	77.443.953	63.936.929
Önnur ógreidd gjöld	24.940.555	20.552.065
	<u>102.384.508</u>	<u>84.488.994</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	101.678.742	96.135.493
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(2.541.834)	(2.696.464)
	<u>99.136.908</u>	<u>93.439.029</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	96.135.493	(2.696.464)	93.439.029
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	26.300.000	26.300.000
Gjafir til fjárfestinga	0	50.000	50.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	26.195.370	(26.195.370)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(20.652.121)	0	(20.652.121)
	<u>101.678.742</u>	<u>(2.541.834)</u>	<u>99.136.908</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 15,3 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert tímabundna skuldbindandi samninga um Sunnubraut 36, Íþróttahús og sundlaug og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 267,0 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 33,5 milljónum og aðra samninga kr. 44,7 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.